

Samhentir Kassagerð hf.
Suðurhrauni 4a
210 Garðabæ

Akureyri, 9. mars 2023
UST202203-192/H.Ö.J.
07.07.02

Söluskrár 2021 fyrir notendaleyfis skyldar vörur – Málslok

Vísað er til bréfs dags. 16. mars 2022 þar sem Umhverfisstofnun kallaði eftir skrá yfir sölu á notendaleyfis skyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2021. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um markaðssetningu, kaup og móttöku notendaleyfis skyldra vara vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á ábyrgð fyrirtækja skv. 4. mgr. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna en þar er kveðið á um að sá sem markaðssetur notendaleyfis skyldar vörur beri ábyrgð á því að einungis þeim sem handhöfum notendaleyfa séu afhentar slíkar vöru.

Sala á notendaleyfis skyldum vörum til einstaklinga sem ekki eru með notendaleyfi í gildi telst því vera brot á ákvæðum 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021.

Af kaupendum ofangreindra vara á árinu 2021 reyndust níu ekki vera með notendaleyfi í gildi eða notendaleyfishafi var ekki skráður við kaupin. Kom stofnunin þeirri ábendingu á framfæri í eftirlitsskýrslu að fyrirtækið uppfylli skyldur sínar skv. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021 hvað þetta varðar og ítrekar að verklagsreglum sem fyrirtækið hefur útbúið á árinu 2018 um sölu og afhendingu notendaleyfis skyldra vara skuli vera framfylgt. Að framansögðu telst málinu lokið.

Listi yfir einstaklinga sem eru með notendaleyfi í gildi hverju sinni er birtur á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/notendaleyfi-og-abyrgdarmenn/>

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita tilteknum þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr. og álagningu dagsektá allt að 500.000 kr. á dag sbr. 56. Framkvæmd ráðstöfunar getur í eftirliti sem þessu verið m.a. leiðrétting á upplýsingum um notendaleyfishafa við kaup og afhendingu fyrir innsendar skrár yfir sölu.

Jafnframt vekur Umhverfisstofnun athygli á því að í XIV. kafla efnalaga er kveðið á um viðurlög vegna brota á tilteknum ákvæðum laganna. Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 62. gr. getur Umhverfisstofnun lagt stjórnvaldssektir á lögaðila sem brýtur gegn 24. gr. laganna en nánar er kveðið á um álagningu sektar í reglugerð nr. 590/2018 um stjórnvaldssektir



UMHVERFIS

STOFNUN

fyrir brot á efnalögum. Í 7. gr. reglugerðarinnar segir að við ákvörðun sektar, allt að 25.000.000 kr. vegna brota á 24. gr. efnalaga um markaðssetningu eiturefna sem og tiltekinna varnarefna sem ætluð eru til notkunar í atvinnuskyni, skuli miða við 10.000 kr. fyrir hverja selda eða afhenta vöru, að viðbættu andvirði hvernar sölueiningar af vörunni.

Nánari upplýsingar veitir Helga Ösp Jónsdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnunar, í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,

Helga Ösp Jónsdóttir,
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla